



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

AKUREYRI HOSPITAL

A TEACHING HOSPITAL AFFILIATED WITH THE UNIVERSITY OF ICELAND AND THE UNIVERSITY OF AKUREYRI

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 138/2749
komudagur 8.6.2010

Akureyri 8. júní 2010.

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar, þingskjal 805 - 465. mál, þingskjal 930 - 540. mál og þingskjal 875 - ~~498~~. mál.

Framkvæmdastjórn sjúkrahússins hefur fjallað um ofangreindar þingsályktunartillögur. Framkvæmdastjórn leitaði álits hjúkranarráðs FSA og læknaaráðs FSA og fylgja umsagnir þeirra hér með.

X Þingsályktunartillaga um bólusetningar gegn HPV-smiti og leghálskrabbameini (þskj. 875).

FSA styður tillöguna um að fela heilbrigðisráðherra að hefja undirbúning að bólusetningu allra 12 ára stúlkna hérlendis gegn HPV. Hægt að mæla með bólusetningu þar sem áætlað er að human papilloma veiran sé orsakavaldur um 70% allra leghálskrabbameina, þrátt fyrir að ótvíræður árangur hafi náðst í skipulögðu leitarstarfi að leghálskrabbameini frá árinu 1964. Með því að hefja skipulagða bólusetningu allra 12 ára stúlkna á Íslandi er verið að bæta forvarnir gegn leghálskrabbameini og draga úr því misvægi að það sé fjárhagsstaða foreldra 12 ára stúlkna sem ákveður hverjar fá bólusetningu og hverjar ekki.

Þingsályktunartillaga um bólusetningu barna gegn pneumókokkasýkingum (þskj. 805).

FSA styður tillöguna um að bætt verði við bólusetningu gegn pneumakokkasýkingu hjá börnum þeim til forvarnar þar sem slíkar sýkingar geta haft hinar alvarlegustu afleiðingar, svo sem lugnabólgu, blóðsýkingu og heilahimnubólgu. Með bólusetningu er komið í veg fyrir oft á tíðum hörmulegar afleiðingar og mikinn kostnað fyrir fjölskyldur barnanna og heilbrigðiskerfið í heild.

Þingsályktunartillaga um legslímuflack (endómetríósu) (þskj. 930).

Hér er einn hópur sem þjáist af langtímasjúkdómi tekinn fram yfir aðra, en áætlað er að stærð hópsins sé nokkur hundruð konur. Erfitt er að mæla með stofnun sérstakrar göngudeildar en hægt er að mæla með fræðsluátaki og bættri þekkingu heilbrigðisstarfsmanna um sjúkdóminn.

Með kveðju,

Halldór Jónsson, forstjóri.

HJ2010023

Heimilisfang / address
Byrarlandsvegi,
IS 600 Akureyri
Ísland / Iceland

Sími / Telephone 463 0100 / +354 463 0100
Póstfax / Telefax 462 4621 / +354 462 4621
www.fsa.is
fsa@fsa.is
Kennitala / ID: 580269-2229

Viðskiptabanki / Bank
Byr - sparisjóður
Reikningur / Account number 1145-26-3100
IBAN IS97 1145 2600 3100 5802 6922 29
SWIFT (BIC): LSICISRE